

# Lög

um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, sbr.  
lög nr. 35/1998.

---

1. gr.

1. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Fyrirtækið sé hlutafélag. Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamíðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag. Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutfé nema að lágmarki 65 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 730.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Sé um að ræða verðbréfamíðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutfé nema að lágmarki 4,5 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 50.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, sbr. þó 2. mgr. 9. gr., en þá skal innborgað hlutfé nema að lágmarki 10 milljónum króna en þó aldrei lægri fjárhæð en sem nemur 125.000 ECU miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er óheimilt að hefja starfsemi fyrir en hlutfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. júní 1998.*